

FW: Tilnefning í ráðgjafahóp um mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið + kynning á mælingu kolefnisfótspors

Til : Regína Hansen Guðbjörnsdóttir <regina@kjos.is>
Frá : Karl Magnús <Oddviti@kjos.is>
Heiti : FW: Tilnefning í ráðgjafahóp um mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið + kynning á mælingu kolefnisfótspors
Málsnúmer : 2104054
Málsaðili : Samtök sveitarfél höfuðborgarsv
Skráð dags : 26.04.2021 11:35:27
Höfundur : Karl Magnús
Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)
[Kolefnisfotspor_hbsv_Minnisblad_næstu skref-12042021_JKA.pdf](#)
[Kolefnisfotspor_hbsv_Minnisblad_næstu skref-12042021_JKA.pdf](#)
[Kolefnisspor_hbsv_Skyrsla_Environice_02_2021.pdf](#)
[Kolefnisspor_hbsv_Skyrsla_Environice_02_2021.pdf](#)

From: Jón Kjartan Ágústsson

Sent: föstudagur, 23. apríl 2021 15:27

To: Sigurður Haraldsson ; Eysteinn Haraldsson ; asthildur.helgadottir@kopavogur.is; Ólöf Örvarsdóttir ; Einar Már Steingrímsson ; Jóhanna Hansen ; Karl Magnús

Cc: SSH Stjórn 2018-2022 ; Páll Björgvin Guðmundsson ; Hildigunnur Hafsteinsdóttir ; Sandra Björgvinsdóttir

Subject: Tilnefning í ráðgjafahóp um mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið + kynning á mælingu kolefnisfótspors

Heil og sæl.

Við hjá SSH viljum benda á kynningar- og umræðufundar föstudaginn 30. apríl nk. um nýja skýrslu Environice “Kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins” sem gerð var fyrir SSH og hvetja ykkur til að áframsenda fundarboð á starfsfólk sem efni fundarsins gæti átt erindi við. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og hlekk á fundinn er að finna hér <http://ssh.is/kolefnisfotspor>

Einnig óskar SSH eftir tilnefningum í ráðgjafahóp um loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið, en á 523. fundi stjórnar SSH hinn 19. apríl sl. var sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins – kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins til umræðu. Eftirfarandi var bókað í fundargerð:

Fyrirliggjandi er skýrslan Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins dags. febrúar 2021 sem var unnin af ráðgjafastofunni Resource fyrir SSH. Skýrslan er hluti af áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2021. Einnig er lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 12. apríl 2021 um næstu skref sóknaráætlunarverkefnisins fyrir árið 2021. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir umrætt minnisblað frá 12. apríl 2021 þar sem lagt er til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að rýna umrædda skýrslu og móta tillögur að sameiginlegri loftslagsáætlun sem verði svo útfærð nánar á vettvangi hvers sveitarfélags.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra.

SSH óskar því eftir tilnefningum í ráðgjafahóp um verkefnið sem í munu sitja fulltrúar allra sveitarfélaganna sbr. tillögur minnisblaðs dags. 12. apríl 2021. Óskað er eftir einum aðila frá hverju sveitarfélagi, sem æskilegt er að sé með þekkingu, áhuga eða reynslu af umhverfis- og/eða loftslagsmálum, og hlutverk til þess að fylgja verkefninu eftir innan síns sveitarfélags

Fyrsti fundur hópsins er áætlaður mánudaginn 3. maí kl. 14:00 – 15:00, gegnum fjarfundabúnað.

Þess er óskað að tilnefningar berist hið fyrsta, og skulu þær berast á netfangið ssh@ssh.is með cc. á Jón Kjartan jon@ssh.is.

Með kveðju,



Jón Kjartan Ágústsson M.Sc.

Svæðisskipulagsstjóri

jon@ssh.is

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hamraborg 9, 200 Kópavogi

564-1788

www.ssh.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.